

# Sýning Steinunnar Marteinsdóttur

„Gripir hennar hafa fengið yfir sig hinn fagaða svip einfalds og hnitmiðaðs forms og hafa yfir sér ríkan yndisþokka upprunaleikans“

Fyrir nokkrum árum (1975) efndi Steinunn Marteinsdóttir leirlistarkona til mikillar sýningar á verkum sínum að Kjarvalsstöðum, nánar tiltekið í vestri salnum. Þar bar mikið á hugkvæmni um skreytikendna hluti og margt var þar, sem teljast mátti bein áhrif frá eiginmanni hennar Sverri Haraldssyni.

Nú er Steinunn aftur komin á vettvang en í þetta sinn er hún með mun minna magn gripa og lætur sér að auki að mestu nægja hliðargang Vestursalar en hins vegar eru gæði verkanna í ófugu hlutfalli, — sýningin er sem sagt öllu hrifmeiri og vegur stórum þyngra hve listræn gæði snertir að mati undirritaðs. Margt gott mátti með sanni segja um fyrri sýningu Steinunnar en þessi sýning tekur af öll tvímæli um mikla hæfileika hennar á þessu sviði. Gripir hennar hafa fengið yfir sig hinn fagaða svip einfalds og hnitmiðaðs forms og hafa yfir sér ríkan yndisþokka upprunaleikans. Listakonan hefur nálgast til muna hið sjálfstæða mótunar-svið og þannig má segja að hún hafi í ríkari mæli nálgast hið hreint myndræna, — skúlptúr mátti ósjaldan nefna sumar



myndir hennar þær eru a.m.k. á mörkum þess sviðs.

Hér kemur þannig fram arfur-

inn frá föður hennar, Marteini Guðmundssyni myndhöggvara og ég get ekki gert að því þótt

sumar myndir Steinunnar minni mig á finleikann í myndum Marteins. En Steinunn gengur enn lengra og er að auki á öðru sviði og skreytikendara.

Svo ég nefni nokkrar myndir sem mér þóttu hafa yfir sér yfirbragð skúlptúrs vísa ég til gripa svo sem „Vasi“ (39), stein-

## Myndlist

### eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

leir, „Vasi“ (40), steinleir, „Vasi“ (45), postulín, „Skál“ (48), postulín, „Vasi“ (50), postulín og „Skál“, steinleir. — Svo sem sjá má af upptalningunni vinnur Steinunn bæði í steinleir og postulíni og minnst ég ekki að hafa séð jafn marga gripa úr því vandmeðfarna efni postulín á sýningu héraendis. Það er einmitt ríkur yndisþokki yfir postulínsmýndum hennar ásamt fíngræðu litaspili, sem í einu og öllu undirstrikar einfaldleika formsins. Máski vita fáir að frumleg hönnun slíkra gripa getur náð heimsfrægð og þannig eru margar skálar er daninn Henning Koppel hefur hannað á söfnum víða um heim. Þetta telst þannig gild myndlist á sviði háþróaðs listiðnaðar og er einstaklega hrifandi á tímum lítillsigldrar fjöldaframleiðslu er dynur yfir nútímamanninn. En um leið megum við ekki gleyma að fjöldaframleiðslan nærast einmitt á hugmyndum skapandi mynd- og listiðnaðarmanna þótt hún misþyrmi þeim einatt gróflaga.

Það lætur að líkum að upprunalegir hlutir verða stöðugt fágætari á sviði listiðnaðar því að formunum eru takmörkum sett eins og öllu öðru undir sólinni en það ánægjulega er, að stöðugt eru þó að koma fram

einstaklingar sem brjóta af sér viðjar viðtekinnar hefðar og uppgötva ný svið. Líkja má þessu jafnvel við skálistina, sem var að verða fjarska leiðinleg með eintómum stórmeistarafanfletum er Robert J. Fischer geystist fram á sviðið og afgreiddi stórmeistarana líkt og viðvaninga. Það er einmitt þetta sem gefur lífinu óendanlega mikið gildi, lyftir því upp á æðra svið og er þannig rothögg á meðalmennskuna er allt ætlar að kæfa.

Ég bið Steinunni Marteinsdóttur velvirðingar á þessum útdúr, en svona verður mér nú einatt hugsað er ég skoða sýningar sem hennar, já, slíkar hugleiðingar sóttu stift á mig því að myndir listakonunnar eru svo langt yfir meðalmennskuna hafnar.

Postulín er ævafornt listgrein og var þegar iðkuð á tímum Tang-ættarinnar í Kína (618—907) en blómaskeið listgreinarinnar var þar á Ming-tímabilinu (1368—1644) og bar þá mikið á kobaltbláum glerjungu. Postulín var brennt við frekar lágan hita í Kína og var svo þar til harðpostulínið svonefnda var þróað í Evrópu og voru þar að verki þeir Johan Friedrich Böttger og Ehrenfried Walter von Tschirnhaus. Þetta gerðist að sjálfsgöðu í Dresden og fæddi af sér hið víðfræga Meissen-postulín, en eftirlíkingar þess breiddust um alla Evrópu með undra-verðum hraða.

Steinleir er nýrra fyrirbæri eða frá 18. öld og er endurbót englendingsins Joshua Wedgwood á svipaðri aðferð ævafornt frá Kína, Kóreu og Japan.

Þetta með postulínið og steinleirinn eru þannig atriði sem stöðugt hafa verið að þróað í gegnum aldirnar og halda enn fullu gildi sínu og munu svo gera um ókomna framtíð.

Þetta með upprunann er vert að hafa í huga er hin ágæta sýning Steinunnar Marteinsdóttur er skoðuð.

„Þetta tekst best er listakonan gengur hreint og beint til verks og myndir hennar verða engar þokukennar felumyndir hlutveruleikans“

sýningu eins listamanns. Þetta á við, hvort heldur sem batíkin er sérhönnuð sem skermur, skilrúm, í einhverjum hliðstæðum tilgangi eða hylur fagurskapad lífrænt rúmtak kvenlíkamans. Það er þannig alls ekki sama hvaða lit og mynstur konan velur sér því þetta verður allt að fara saman við yfirbragð hennar og limaburð.

Það er alveg ljóst, að tækni Katrínar hefur fleygt ótrúlega mikið fram á síðustu árum hvað gerð batík-listar áhrærir og einnig hefur henni farið fram sem teiknara, einkum í óhlutlægum formum, sem styðjast þó við eitthvað úr ríki náttúrunnar. Þetta tekst best er listakonan gengur hreint og beint til verks og myndir hennar verða engar þokukennar felumyndir hlutveruleikans. Einkum þykir mér mikið koma til blómamynda hennar, svo sem „Haustblóm“ (12), „Fífilbrekka“ (28), „Rósa-vöndur“ (56), „Hvítu blómin“ (69) og „Stofublóm“ (73). Hér hittir Katrín í mark í hverri einustu mynd með hrifmíklum einfaldleika og litrænum hrynjandi.

Svipað má segja um aðrar litlar myndir hennar, svo sem

„Ströndin“ (30), „Rauðuskriður“ (31), „Við Lónið“ (47).

Það er miklu erfiðara að átta sig á stóru myndunum, sem þurfa mun frekar sitt sérstaka umhverfi en þær litlu, það er einnig svo trúlandi að sjá allar litlu myndirnar allt um kring, gripandi inn í form stóru myndanna. Þó held ég, að óhætt sé að álykta, að myndin „Klettavogur“ (65) skeri sig úr um formrænan tærleika og þó gæti það verið vegna þess hvar hún er staðsett.

Batík er annars sett á stall í listasögunni sem hrein handíð frekar en listrænt tjáningarform. Listgreinin er upprunnin í Indónesíu og þá einkum á Bali og Java og átti að vera til skrauts á efnum. Þar er þessi listgrein líkast sem sprottin upp, hreint og beint frá þeim er bera klæðin, sem þannig eru skreytt. Löngum hef ég dáðst að konum frá Bali og Java, dansandi fyrir framan yndisfögur musteri í léttum klæðnaði prýddum batíkskrauti. Ég reif eitt sinn fyrir margt löngu eina slíka mynd úr myndablaði og límdi á svefnherbergisdýr mínar, því að í hvert skipti er ég gekk til náða fyllti þessi mynd mig fjarrænum, exotískum þrám.

Í nútímanum, er allt á að teljast list, einkum ef það er sett undir eitthvað spekinglegt heiti, er ekki hægt að hafna því, að batík geti talist listgrein þegar best lætur og vitaskuld geta menn hagnýtt sér þetta tjáform samhliða öðrum í sömu myndina.

Dregið saman í hnotskurn er þessi sýning Katrínar H. Ágústsdóttur listrænn sigur fyrir hana og mörgum flokkum betri en hin fyrsta sýning hennar.



# Sýning Katrínar H. Ágústsdóttur

Í Kjarvalssal að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir víðamesta sýning á batík-verkum sem sett hefur verið upp á Íslandi, ef ég veit rétt. Er hér um að ræða sýningu á 76 nýjum verkum Katrínar H. Ágústsdóttur, sem um árabíl hefur

helgað sig þessari listgrein af lífi og sál.

Verk Katrínar hafa tekið miklum breytingum á undanförunum árum og sé tekið mið af sýningunni á Kjarvalsstöðum, á sér stað mikil gerjun um listþróun hennar, — jafnvel svo

mikil, að maður á erfitt með að átta sig á því hvert stefnir, þrátt fyrir endurteknar yfirferðir.

Batík-list er dálítið sér á báti sem listgrein og þannig álit ég, að fá verk, sem njóta sín til fulls við réttar aðstæður og birtu, komi mun sterkar út en á stórri